

Pési



Lesið þetta

- Er heilagur gralin á Hrunannafrétti
- Hrunaspjall
- Auglýsingar
- Björgunarfélagið
- Þorablót
- Hjónaball

Næsti Pési kemur út 15 febr. Skil á efni er 12. febr

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Elsti hrepurinn	6
Vegagerðin	7
Sparidagar	11
Flúðaskóli	12
Námskeið	16
Hreppa kappar	23

Janúar 2008

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

18. árgangur. 212. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Rennir hnífurinn stoðum undir kenningar um hvelfingu í Skipholtskróki?

Eðlilega vekja kenningar um hugsanlega hvelfingu í Skipholtskróki og leyndardóma musterisriddaranna, sem skrifað er um í forystugrein Pésans mikla athygli. Í ljós hefur komið að til eru heimamenn sem áður höfðu lesið um þessar kenningar. Árið 1990 fann einn af fjallmönnum á Hrunannafrétti mjög merkilegan hníf sem ekki hefur verið aldursgreindur en gæti verið frá Sturlungaöld. Lengd hnífsins er 40 til 50 cm. með 15 cm. skafti. Á hnífnum er bakki og egg og er greinilegt að eigandi hnífsins hefur verið handstór maður. Hnífurinn fannst innan og vestan við Grjótöldu innan við Mosfell. Einmitt á þeim stað þar sem góð yfirsýn er yfir sunnanverðan Skipholtskrók, þar sem hvelfingin er talin vera. Þar gæti hafa staðið varðmaður til þess að fylgjast með staðnum. Mynd af hnífnum er á myndasíðu í blaðinu



Hnífurinn góði, sem getið er í grein á forsíðu Pésans



Heiðursfélagar Smára taka fyrstu skóflustungu að nýrri reiðhöll Ljós. Sig Sigm

Er heilagur gralin á Hrunamannaafrétti?

Heyrst hefur að stundum sé haldið fram að við íbúar í Hrunamannahreppi séum “Þingeyingar” Suðurlands. Ég hef alltaf litið á þetta sem hrós, því óneitanlega er gamalgróin menning hér í hreppnum og í uppsveitum Árnes-sýslu sem engin ástæða er til annars en að vera stolt af eins og Þingeyingar eru þekktir fyrir. Því er líka haldið fram að sveitarstjórinn, þótt ætíflíll sé og uppallinn á flatlendi Rangárþings, slái jafnvel flestum öðrum íbúum hreppsins við hvað drýldni varðar, þegar hann fjallar um málefni sem tengjast Hrunamannahreppi. Enn hljóp á snærið hjá okkur í menningarmálum þegar sveitarstjórn Hrunamannahrepps svaraði erindi Þórarins Þórarinssonar arkitekts þar sem hann bað um leyfi f.h. Ítalans Gianvarlo Gianazza um að fá að leita að hvelfingu eða leynirými sem er 5x5 metrar að stærð og talin er vera í svokölluðum Skipholtskróki á afrétti okkar ekki langt frá Kerlingarfjöllum. Í þessari hvelfingu telur hann vera geymdan heilagan kaleik eða gral sem tengist síðustu kvöldmáltíðinni. Gianvarlo Gianazza hefur lagt fram mjög trúverðugar kenningar hvað þetta varðar. Þar er vitnað í framúrskarandi menn miðalda, jafnvel nafntogaða íslenska höfðingja og merkustu vísinda- og listamenn aldarinnar – þá Dante, Botticelli, Raffaello svo ekki sé nefndur minni maður en sjálfur Leonardo Da Vinci. Sérfræðingar hafa staðfest að tilgáta Gianazza rímar við jarðvegseinkenni þess staðar þar sem Dante fann leynihvelfinguna. Auk þess sem er kort af svæðinu við Jökulfallið falið í útlínnum postulanna í mynd Leonardo da Vinci Síðustu kvöldmáltíðinni. Á miðöldum var gerð tilraun til þess að útrýma musterisriddurum sem voru pyntaðir og brenndir á báli. Talið var að öllum fylgjendum þessarar reglu hefði verið útrýmt en ljóst er að þeir hafa flúið frá hættulegustu svæðunum m.a. til Skotlands. Þeir gættu áfram leyndardóma reglna sinna og kenningar eru um að hluti af þessum leyndardómum þeirra séu e.t.v. geymdir í Skipholtskróki. Hinn forni hnífur sem fannst í einni af fjallferðum Hrunamanna, skammt frá þessum stað, rennir e.t.v. enn frekari stoðum undir þessar kenningar. Því hefur stundum verið haldið fram að þetta væri e.t.v. hnífur Snorra Sturlusonar. Víst er að við munum fylgjast grannt með framvindu þessa spennandi máls. Húsafriðun á Laugaveginum í Reykjavík er hjóm eitt miðað við þessar kenningar, það sáum við í virtum sjónvarpsþætti í Sjónvarpinu s.l. laugardag, forsíðu Fréttablaðsins á fyrsta útgáfudegi ársins og skopmynd sem teiknuð var af ónefndum manni í 24 stundum.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri

Áhugi fyrir innihaldi!

Umræðan um heilagan gralin hefur vakið verðskuldaða athygli. Menntu eru mismunandi áhugasamir um gripinn. Einn góðbóndinn sem er söngglaður vel, kom í heimsókn á hreppskrifstofuna um daginn og hafði mikinn áhuga. Áhuginn beindist þó meira að innihaldi bikarsins en bikarnum sjálfum. Hann taldi að e.t.v. væri örlítil lögg ennþá í gripnum og þess vegna hefði sveitarstjórn sett það skilyrði að fá að fylgjast með uppgreftinum þegar þar að kemur.

Kínverjar á Flúðum!

Þegar fyrirsögn sem þessi er lesin á þessum árstíma hrannast upp minningar um litlar sprengjur sem kallaðar voru Kínverjar sem sprungu með miklum hveli. Unga kynslóðin kannast væntanlega ekki við þessar sprengjur en kynslóð þess er ritar þetta hafði mikla ánægju af að nota þessar sprengjur um áramót. Í dag eru breyttir tímar og heimurinn er alltaf að minnka. Hótelstjórnarnir á Hótel Flúðum tóku á móti fulltrúum og eigendum einnar stærstu ferðaskrifstofu Kína nú í janúar. Nú er ljóst að samningar hafa náðst um að Flúðir verði einn af áfangastöðum þeirra Kínverja sem koma til Íslands. Þetta verður lyftistöng fyrir ferðapjónustu hér um slóðir því þessar heimsóknir eru utan við hefðbundinn ferðamannatíma. Kínverjarnir voru mjög hrifnir af staðnum og aðstöðu sem hér er og renndu hýru auga til hestaleigu Sigmundar Jóhannessonar í Syðra-Langholti og fleiri staða hér um slóðir. Allt skiptir þetta miklu máli fyrir ferðapjónustuna hér.

Prófasturinn í Hruna!

Um áramótin skipaði Biskup Íslands sr. Eirík Jóhannsson, prestinn okkar í Hruna, sem prófast í Árnassýsluprófastdæmi. Þetta er mikill heiður fyrir sr. Eirík sem tekur við embættinu af sr. Úlfari Guðmundssyni á Eyrarbakka. Við óskum sr. Eiríki góðs gengis í starfi og erum reyndar viss um að hann stendur sig vel í því eins og öðrum ábyrgðarstörfum sem honum hafa verið falin. Í gamla daga settu prófastar upp þípuhatta við hátíðleg tækifæri – nú er að sjá hvort sr. Eiríkur taki upp þann sið þegar mikið liggur við? Víst er að slíkur hattur færi prófasti vel!

Listamaðurinn í Hruna sýnir í húsi Orkuveitu Reykjavíkur.

Sigríður Helga Olgeirsdóttir listakona í Hruna opnaði glæsilega sýningu í hinu veglega Orkuveituhúsi í Reykjavík s.l. laugardag. Þar sýnir Helga Sigríður falleg leirlistaverk sem tengjast vatni sem er orkugjafi alls lífs og er heillandi viðfangsefni. Með Sigríði Helgu sýnir listakonan Freyja Önundardóttir málverk er tengist þessu sama viðfangsefni. Sýningin nefnast kraftbirting og eru afar athyglisverð og falleg. Við erum að sjálfsögðu stolt af því að eiga jafn góðan listamann hér í hreppnum og Sigríði Helgu sem er afar virt í sinni listgrein eins og sýningin ber vott um og sá mikli fjöldi fólks sem var við opnun sýningarinnar. Sigríður Helga nam m.a. í Köbenhavns Tekniske skole, Myndlista og handíðaskólanum og fór sem listnemi til Ungverjalands.

Sigmundur Sigurgeirsson í sérverkefnum hjá fjármálaráðherra!

Á dögnum héldu sjálfstæðismenn fund á Hótel Flúðum þar sem m.a. var mættur oddviti sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi, sjálfur fjármálaráðherrann, Árni M. Matthiesen. Í fríðu föruneyti hans var meðal annars okkar maður, Sigmundur Sigurgeirsson f.v. starfsmaður RÚV og er oft kenndur við Grund á Flúðum. Sigmundur er í sérverkefnum fyrir ráðherra og er því í rauninni einn af aðstoðarmönnum hans og eins og einhver sagði “hægri hönd hans í ráðuneytinu”. Sigmundi er óskað velfarnaðar í starfi. Allt bendir til þess að móðir hans flytji á nýjan leik til okkar í hreppinn en hún var kaupmaður á Grund ásamt manni sínum Sigurgeir heitnum Sigmundssyni og er gott að fá Sólvögu aftur í Hrunamannahrepp og enn minnast menn kaupmannsins með hlýhug sem m.a. hafði sérstakan áhuga fyrir uppgræðslu á Hrunamannafrétti.

Eru JÁVERKSMENN hættir við?

Einhver kvittur er uppi um það í hreppnum að JÁVERK hafi hætt við framkvæmdir við íbúðir fyrir aldraða á Grafarbakka. Þetta á ekki við rök að styðjast og hafa þeir ekki sent neina yfirlýsingu eða bréf þar að lútandi. Ljóst er að verkakafyrirtækið hefur þegar lagt út í talsverðan kostnað vegna þessa verks en eins og oft hefur komið fram er vegagerð að íbúðunum forsenda þess að hægt verði að byggja og margir orðnir leiðir á biðinni.

Elsti hreppur landsins?

Það er margur skemmtilegur grúskarinn hér í hreppnum sem veltir fyrir sér kenningum, sögu, örnefnum, bílum, vélum o.m.fl. Einn þeirra er hreppsnefndarmaðurinn Esther Guðjónsdóttir á Sólheimum. Hún hefur lagt fram og rökstutt kenningar um það að Hrunamannahreppur sé elsti ósameinaði hreppur landsins. Þar vitnar hún í Landnámu en einnig í merka grein sem rituð var í blaðið Hreppamanninn sem gefin var út um árabíl af Bjarna Guðmundssyni í Hörgholti. Í 10 riti Hreppamannsins sem er frá 21. desember 1968 er grein eftir Guðmund Jónsson frá Kópsvatni sem rennir stoðum undir þessar kenningar. Reyndar getur hún þess að nokkrir aðrir hreppar í Árnesþingi séu frá svipuðum tíma. Þá er bara spurningin um hvort við eigum að halda uppá 1100 ára afmæli hreppsins eða 80 ára afmælis þéttbýlismyndunar á Flúðum því á næsta ári eru 80 ár frá því að fyrsta húsið reis hér en það var barnaskólinn eins og hann var nefndur í þá daga og á þessu ári er einmitt 80 ár frá því að ákvörðun var tekin um að byggja skólann.

Hrunamönnum fjölgar.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands fjölgar Hrunamönnum eins og reyndar gerst hefur undanfarin ár. Nú erum við alls 795 en vorum 786 á síðasta ári. Nú þurfa menn að herða sig og koma Hrunamönnum yfir 800 á næsta ári.

Leið mistök

Ritstjóri Pésans gerði þau leiðu mistök þegar hann skrifaði greinina um fyrstu skóflustungu að iðnaðarhúsi Úlfars Harðarsonar á Flúðum að kenna móður hans, Þóru Bjarnadóttur við rangt býli í Hrunamannahreppi en hún er auðvitað frá Reykjadal en ekki Reykjabakka. Þóra er beðin velvirðingar á þessu. En ritstjórinn sem eitt sinn var alþingismaður gerði lengi grín að félaganum sínum sem einnig var alþingismaður í Suðurkjördæmi og ekki allt of vel að sér í staðháttum í kjördæminu. Sá hélt eitt sinn ávarp í Stórolfshvolskirkju á Hvolsvelli og ávarpaði kirkjugesti í upphafi með því að segja: “Það er ánægjulegt að vera kominn hingað á Hellu”. Það er óþægilegt að gera mistök sem þessi. Talið er að Hvolsvellingar hafi ekki enn fyrirgefið þingmanninum mismælin en vonandi fyrirgefur Þóra þessi mistök með bæjarnafnið.

Fundur með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar

Oddviti og sveitarstjóri héldu fund með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar í síðustu viku. Slíkir fundir eru haldnir nokkrum sinnum á ári. Farið var yfir helstu mál sem tengjast vegagerð í hreppnum. Helstu verkefni eru þessi:

1. Allt bendir til þess að áætlun um brú við Bræðratungu standist og þar verði rætt við landeigendur vegna vegagerðar á næstunni. Í okkar hreppi eru landeigendur annars vegar Jón Hermannsson á Högnastöðum og hins vegar Hrunamannahreppur.
2. Borgarvirki átti lægst tilboðið í vegagerð á Skeiða- og Hrunamannavegi í uppsveitinni og því verki verður lokið í haust.
3. Öll gögn vegna breytinga á veginum við Syðra Langholt eru að verða tilbúin og tilboð verður væntanlega auglýst í þessari viku.
4. Þá hefur Vegagerðin gert landeigendum sem tengjast svokölluðum Bakkatúnsvegi tilboð sem gildi til 15. janúar. Þessi vegur er forsenda þess að hægt sé að byggja íbúðir fyrir aldraðra í landi Grafarbakka. Landeigendur eiga síðan andmælarétt í tvær til fjórar vikur.
5. Þá var rætt um undirgöng undir veginn er tengir Hofatún við annað þéttbýli, brúna skammt frá Félagsheimilinu, nýtt hverfi í landi Sunnuhlíðar og hugsanlegt nýtt hverfi í landi Laxárhliðar, gatnamót við Grund, reiðvegi í hreppnum og hugsanlega breikkun brúarinnar við Stóru-Laxá en sú framkvæmd er á vegaáætlun 2011-2015.

Kráareigandinn í stúdíói

Ragnar Kristinn Kristjánsson f.v. eigandi Flúðasveppa er ýmislegt til lista lagt. Hann rekur Næsta bar í Reykjavík þar sem oft eru uppákomur með lifandi tónlist og listsýningum. Í þessum Pésa auglýsir Ragnar eftir starfsfólki á barinn. Vitað er að Ragnar vinnur að því að setja saman geisladisk með tónlist sem hann hefur samið. Nýjasta lagið sem hann hefur samið er við texta eftir aðstoðarmann samgönguráðherra, Vestmannaeyinginn Róbert Marchall sem m.a. leysti af brekkusöngvarann góða á Þjóðhátíð fyrir nokkrum árum, en Róbert hefur sést hér á karlakovöldum hjá ónefndum karlakór.

Þorrablót í aðsigi

Kvenfélag Hrunamannahrepps er um þessar mundir að undirbúa Þorrablót sem haldið verður í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn 1. febrúar n.k. Það er hin vaski formaður félagsins Anna Ásmundsdóttir og skemmtifundarnefndin með Helgu Teitsdóttur, Guðrúnu Hermansdóttur og Guðrúnu Rut Gunnlaugsdóttur sem eru í fararbroddi og aðalhvatamenn að blótinu. Um langt skeið hafa hótelhaldarar á Hótel Flúðum séð um blótin en nú færist þessi gamla hefð yfir í Félagsheimilið. Mjög margt verður sér til gamans gert eins og fram kemur í auglýsingu hér aftar í Pésanum.

Skipulagsvinnan fyrirferðamikill málaflokkur

Óhætt er að segja að skipulags- og byggingamál séu að verða flóknari og fyrirferðameiri málaflokkur í hverju sveitarfélagi. Við berum gæfu til að vinna sameiginlega að þessum málaflokkum með nágrönnum okkar í uppsveitunum og Flóanum. Skipulagsskrifstofan er á Laugarvatni en þar er Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi. Helgi Kjartansson frá Hvammi tekur við starfi Hilmars Einarssonar sem byggingarfulltrúi innan tíðar. En Hilmar verður áfram í starfi á skrifstofunni um óákveðinn tíma. Sigurður Ingi oddviti okkar er áfram formaður skipulagsnefndar uppsveita Árnessýslu en hann flutti m.a. erindi um skipulagsmál á fundi sveitarstjórnarmanna á Austurlandi á Hallormsstað s.l. laugardag.

Flúðaskóli kom vel út

Mikið er talað um svokallaða Písakönnun, sem er könnun á námsárangri í skólum landsins. Víst er að alltaf er erfitt að mæla árangur og gáfur nemenda enda greindarstiginn mörg. Ljóst er að nemendur Flúðaskóla komu vel út úr þessum könnunum á sunnlenska vísu eru allstaðar yfir meðallagi og í fjórða sæti miðað við sunnlensku skólana. Þá hafa nemendur skólans einnig komið vel út úr samræmdum prófum. Nemendum og starfsmönnum skólans er óskað til hamingju með þennan árangur. Þetta gleður stjórnendur sveitarfélagsins og ekki síst okkar virku fræðslunefnd.

Mikið um dýrðir

Mikið var hér um dýrðir um jól og áramót. Með tilheyrandi guðþjónustum, jólaskemmtun Kvenfélagsins áramóta- og þrettánda-brennum svo eitthvað sé nefnt. Sú nýbreytni átti sér stað að ungmenna-deild Björgunarfélagsins Eyvindar sem Skúli nefnist efndi til þrettándagleði með viðeigandi skrúðgöngu, flugeldasýningu og brennu. Þótti einkar vel til takast og nú eru uppi vangaveitur um það hvort ekki sé skynsamlegast að efna til slíkrar hátíðar áfram og sameina áramótabrennu þar sem íbúar eru gjarnan mjög uppteknir um áramót þegar kveikt er í brennunni. Allir sem lagt hafa hönd á plóginn við undirbúning þessara atburða um áramót er þakkað, því þar liggja að baki mörg handtök, hugsun og mikil vinna.

Fráveituframkvæmdum miðar áfram

Fráveituframkvæmdum miðar nokkuð vel áfram þrátt fyrir rysjóttá tíð. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum í byrjun febrúar. Verið er að skoða tilboð sem borist hafa í hreinsimannvirki frárennslisins. Allar þessar framkvæmdir eru mjög kostnaðarsamar en eru engu síður nauðsynlegar ekki hvað síst í samfélagi þar sem mjög margir hafa lifibrauð sitt á því að framleiða matvæli og taka á móti ferðamönnum. Einhver góður maður sagði að skemmtilegra væri nú að byggja nýja sundlaug, byggja við skólann eða íþróttahúsið heldur en mannvirki sem tengjast frárennslismálum sem aðallega liggi neðanjarðar og enginn sjái. Það er heilmikið til í því.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Næsti bar

Menningar og sveitabarin **Næsti bar** auglýsir eftir starfsfólki í sal og dyravörslu. Ekki yngri en 20 ára. Upplýsingar í s: 844 1304 e. kl. 12:00



Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

**Óskum eftir að ráða fólk til starfa
í sumar.**

**Upplýsingar gefur Verslunarstjóri á
staðnum.**

ÞORRAVEISLA Á GRUND

VERÐUM MEÐ ÞORRAHLAÐBORD

FÖSTUDAGINN 01.FEBRÚAR OG

LÁUGARDAGINN 02.FEBRÚAR

FRÁ KL: 19.00 BÁÐA DAGANNA

Á BORDINU VERÐUR.

- . ALLUR HEFÐBUNDINN SÚRMATUR
- . ALMENNIR KALDIR ÞORRARÉTTIR
- . SALTBJÖT OG UPPSTÚF
- . DESERT AÐ HÆTTI HÚSSINS
- . VERÐ PER MANN KR: 3.890

**VINSAMLEGA PANTIÐ TÍMANLEGA UPPLÝSINGAR Í SÍMA
552-6962 EÐA 663-7770**

Skriðsunds námskeið fyrir fullorðna.

Ef næg þátttaka næst ætlar Hrafnhildur sundkennari frá Þorlákshöfn að koma á fimmtudögum (kl 19:00) og kenna skriðsund.
Upplýsingar hjá Hrafnhildi í síma 698 3799

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími.

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Íþróttahúsið á Flúðum—tækjasalur

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 15:30-21:00

Föstudaga: 13:00-20:00

Hótel Örkbýður eldri borgurum

af Suðurlandi og Norðausturlandi

aðgang að sparidagaviku dagana 17—22 febrúar 2008.

Um er að ræða fimm sólarhringa dvöl á hótelinu, boðið er upp á morgunverð og þríréttaðan kvöldverð og dagskrá alla dagana, frá morgni til miðnættis, undir stjórn Gunnars Þorlákssonar.

Nánari upplýsingar og pöntun hjá Eiríki Þorgeirssyni, fyrir 25. janúar
í síma: 486 6546 og 861 0272.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

Hjónaballsnefndin er byrjuð að starfa
og hefur ákveðið að samkoman fari fram
laugardagskvöldið 8. mars.

P.S. Enn er tími til að “skandalísera” og
komast þannig að í skemmtiatriðunum
Nefndin



virding viltinskja Hæðingamannahóppur, 645 Flúðir, sími 4806610, fax 4806616, fludaskoli@fludaskoli.is

Vegna fæðingarorlofs vantar okkur þroskaþjálfu til starfa, í 100% starfshlutfall, frá 1. mars 2008 og út skólaárið.

Við erum einnig að leita að verkmenntakennara, starfshlutfall er samningsatriði getur verið frá 25 – 50 %.

Áhugasamir hafi samband við Guðrúnu Pétursdóttur skólastjóra Flúðaskóla, í síma 4806610 eða 4806611, einnig má senda tölvupóst gudrunp@fludaskoli.is

Skólasöngur Flúðaskóla

Frestur til að skila inn tillögum að skólasöng Flúðaskóla hefur verið framlengdur til 25. janúar 2008.

Vantar þig:

neonljós – neon hálsmen –neon eyrnalokka- neon spennur
neon glös? Erum með allt þetta neondót til sölu.

Allar nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á

bfeyvindur@simnet.is eða að kíkja á síðuna okkar

<http://blog.central.is/eyvindur>

Kveðja Björgunarfélagið Eyvindur

Ljósgrá meri 4—6 vetra er í óskilum hjá Emil á Grafarbakka
Upplýsingar í síma 893 4445

Jóganámskeið

Miðvikudaginn 16. janúar hefst 10 vikna jóganámskeið á Flúðum.

Kennt á miðvikudagskvöldum kl 20:30.

Liðkandi og styrkjandi æfingar og auk þess
kennd rétt öndun og slökun

Allir velkomnir. Hver og einn fer á sínum hraða eftir eigin getu.

Allar nánari upplýsingar og skráning hjá

Aðalheiði í síma 898 0677

Taktu þér tak með Herbalife.

Nýtt átak að fara í gang

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife.

silja1@simnet.is / 892 6728

Sjálfshjálparhópurinn í Safnaðarheimilinu í Hruna hittist á þriðju-
dögum kl. 20:30. Þessir fundir eru góður vettvangur til að ræða það
sem manni liggur á hjarta. Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið
sjalfshjalp@visir.is

Hreppamaðurinn rit Bjarna Guðmundssonar frá Hörgsholti

eru til sölu í Þverspyrnu öll 12 ritin.

Hreppamaður heitir blað

hendingar og ræður

kæru vinir kaupi það

konur menn og bræður.

B.G.

Hvert rit á 500 kr. Sími 486 6735

Rautt og svart TREK reiðhjól í óskilum
Upplýsingar á Skrifstofu Hrunamannahrepps
Sími: 480 6600

Bændur Athugið



Höfum á boðstólum mjólkurduft og start-kjarn-fóður fyrir ungfálfa, og framhaldsfóður fyrir 45 daga til 6 mánaða gamla kálfa.

Eigum alltaf til súrdoðabrjótinn Propylenglycol á lager.

Landstólpi ehf
Gunnbjarnarholti
480-5600

www.landstolpi.is



Frá hugmynd að húsi



KAUPÞING

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. **480-4700.**

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

12:00 frá Landflutningum og

13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Nánari upplýsingar eru hjá

Pálmar í síma 892-2370.

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2372 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2371- Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamanna-

hreppur

Með von um gott samstarf Starfsfólk Flúðaleiðar

Atvinna óskast.

Pýsk kona, 27 ára leitar að vinnu! Er með ritaramenntun, góða enskukunnáttu og svolitla frönsku kunnáttu, er í íslenskunámi.

Er einnig fær um sundkennslu. Er búin með fyrstu hjálpar námskeið og björgunarsunds námskeið frá mars 2007. Er góð í mannlegum

samskiptum, opin og vinaleg

Sími 843 9172

VIOLA snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði

Andlitsbað *Húðhreinsun*

Litun og plokkun *Handsnyrting*

Fótsnyrting *Förðun* *Vaxmeðferðir*

Tímapantanir í síma 566-8342

og 856-1599(Hlíf)

Tölvur I, námskeið fyrir byrjendur -15 stundir

Á vegum Fræðslunets Suðurlands

Námskeiðið er ætlað algjörum byrjendum, sem ekkert hafa unnið við tölvur. Undirstöðuatriði tölvunnar og hvernig hún vinnur. Farið í byrjunaratriði í ritvinnslu, tölvupósti, Netinu og fleira ef tími vinnst til. Þar sem námskeiðið er ætlað fyrir fáa er hægt að sinna hverjum og einum persónulega. Kennsluheftið sem fylgir gagnast nemendum vel til upprifjunar og nokkurs framhalds.

Flúðaskóli, mánud. og miðvikud. 4.-18. febrúar kl. 17-19.10

Verð, 19.900 (kennslugögn innifalin)

Hámark 10 þátttakendur

Kennari, Elín Jóna Traustadóttir

Skráning á námskeið vorannar hefst 14. janúar og fer fram símleiðis í síma 480 8155 eða í tölvupósti, fraedslunet@sudurland.is. Nálgastr má umsóknareyðublöð á heimasíðu Fræðslunetsins: <http://fraedslunet.googlepages.com>

Frá Bókasafni Hrunamanna

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Verðskrá 30 mín. = 100,- kr.

Lánstími bóka eru 30 dagar.

Netfang: bokasafn@fludir.is

Sími: 486 6708

Velkomin á bókasafnið J

Reykjagarður hf er leiðandi fyrirtæki í kjúklingaframleiðslu á Íslandi. Okkar markmið er að framleiða heilnæmar afurðir fyrir Íslendinga. Mikilvægur þáttur til að ná settum markmiðum er umsjón með innfluttum varpstofnum.

Auglýst er hér með eftir:

UMSJÓNARMAÐUR í stofnadeild Reykjagarður hf auglýsir hér með eftir starfsmanni í stofnadeild til að hafa umsjón með með uppeldi stofna í Þrándarlundi í Gnúpverjahl. Umsjónarmaður mun sjá um og vera ábyrgur fyrir uppeldi stofna og í samráði við framleiðslustjóra. Um er að ræða hlutastarf sem hægt er að skipuleggja að miklu leyti eftir því sem hentar hverju sinni. Starfið krefst sjálfstæði, nákvæmni og skipulagningu í vinnubrögðum auk kunnáttu í ensku sem kæmi sér vel. Konur eru einkum hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknir eiga að berast fyrir 28. janúar 2008 til Reykjagarður hf, Fossháls 1, 110 Reykjavík

Fyrirspurnum verður svarað af Jarle Reiersen, framleiðslustjóra, í síma 856 4420.



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í UPPSVEITUM
ÁRNESÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Aðalflutningar ehf., Skútu-
vogi 8. sími: 581-3030. Mánudaga til föstudaga kl.
13:00, . Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán

Hrunaspjall,

fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli

Í upphafi árs er við hæfi að þakka fyrir allt gott á liðnu ári og óska hins sama fyrir það sem framundan er.

Í kirkjustarfinu gildir að mínu mati að halda því sem vel gengur og leitast við að halda eins föstum takti og mögulegt er í því sem boðið er. Um leið er mikilvægt að brydda upp á nýjungum og gefast aldrei upp í þeirri viðleitni að finna nýjar leiðir með boðskap kristinnar. Grundvallaratriði er þar að laða fólk að og koma hreint fram. Lifandi og öflugt kirkjustarf er auðvitað það sem alla er vilja kirkjunni vel, dreymir um. Sú er á margan hátt raunin og ég hef oft áður sagt frá því hvað t.d. fermingarbörnin verða undrandi þegar farið er að telja upp fyrir þeim hversu margir tengjast því að flytja eina messu. Flestir þeirra í fórnfúsu sjálfboðastarfi.

-Fyrir utan messurnar þá er barnastarfið á sunnudagsmorgnum í Hrunakirkju. Lengst af hef ég verið svo lánsamur að hafa frábært aðstoðarfólk með mér í þessu starfi. Nú hef ég hins vegar verið einn það sem af er vetrar og satt að segja finn ég verulega til þess.

Ég auglýsi hér með eftir aðstoðarmanneskju. Frumskilyrði er einfaldlega að vera kristinn og hafa gaman að börnum. Söng og tónlistargáfa er auðvitað ákveðinn kostur en ekki endilega skilyrði.

-Kyrðarstundirnar í Hrepphólakirkju eru satt að segja, ekki alltaf vel sóttar en á hinn bóginn er það mín tilfinning að þarna sé á ferð þakklát þjónusta og sannarlega má fullyrða að það sé hverjum manni hollt að sitja í rökkurkyrrðinni í helgidómnum einn með sjálfum sér og Guði.

-Nú er það eitt af mínum áramótaheitum að setja messuplan og annað er tengist kirkjustarfinu hér í Pésann og líka í héraðsblöðin, Sunnlenska, Dagskrána og Gluggann. Draga í staðinn úr dreifimiðautgáfunni nema eitthvað sérstakt standi til.

-Vilji menn ná sambandi þá er símanúmerið 486-6737 og Gsm 864-0802, netfangið: srerik@ismennt.is

Læt ég þessu lokið að sinni og óska öllum Guðs blessunar
Eiríkur Jóhannsson

Helgihaldið framundan

Sunnudagur 20. janúar:

Kl.11. barnastarf í Hrunakirkju

Kl. 14 messa í Hruna,

söngsveit eldri borgara í Hrunamannahreppi leiðir sönginn.

Sunnudagur 27. janúar

Barnastarf í Hruna kl. 11

Kyrrðarstund í Hrepphólum kl.20:30

Sunnudagur 3. Febrúar

Barnastarf í Hruna kl. 11

PLASTMÓTTAKA

*Að gefnu tilefni eru þeir aðilar, sem plast er tekið hjá á-
minntir um að EKKERT annað en plast fari í móttökuna.*

SNJÓR

*Þar sem mikið hefur snjóað síðustu daga eru íbúar
minntir á að moka frá sorpílátum.*

Verktaki



Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Frá Björgunarfélaginu Eyvindi og Unglingadeildinni Skúla

Nú eru áramótin liðin og ein helsta fjáröflun Björgunarfélagsins er afstaðin, Flugeldasalan. Salan gekk vel og þökkum við öllum þeim sem styrktu okkur með kaupum á flugeldum hjá okkur.

Hin árlega flugeldasýning var haldinn á þrettándanum og um leið stóð unglingsdeildin Skúli fyrir brennu og blysför. Skemmt er frá því að segja að veðrið lék við okkur þennan dag og blysförin, brennan og flugeldasýningin heppnuðust frábærlega. Óformlegar tölur segja að um 200 manns hafi tekið þátt í blysförinni og enn fleiri bættust svo í hópinn á brennunni. Það var gaman hvað margir gáfu sér tíma til að koma og taka þátt í þessari þrettándagleði og er stefnt að svipaðri gleði að ári liðnu.

Að sjálfsögðu hefðum við ekki getað gert þetta nema með góðra manna hjálp og viljum við þakka, Hrunamannahrepp, Flúðaleið, Gröfutækni, Flúðafisk og þeim bræðrum, Eirík og Emil á Grafarbakka fyrir brennuefni og aðstoð við brennugerð.

Flugeldasýningin var styrkt af fyrirtækjum og einstaklingum hér af svæðinu og var hún flottari en nokkru sinni fyrr.

Þau fyrirtæki sem styrktu sýninguna voru þessi:

Vinnuvélar Úlfars Harðarsonar
Kaupþing banki
BM Vallá
Emil á Grafarbakka
Flúðasveppir ehf
Kaffi Sel
Hús og Stigar ehf
Plast og Suða
Hnúkur slf
Veitandi ehf
Stórbúið Skipholti 3
Haukholt 1 ehf

Gröfutækni ehf
Samkaup Strax Flúðum
Útlaginn
Fögrusteinar ehf
Flúðaleið ehf
Búnaðarfélag Hrunamanna
Ragnar í Birtingaholti
Landstólpi ehf
Gistiheimilið Flúðum
Hitaveita Flúða
Eiríkur á Grafarbakka
Ferðapjónustan Syðra Langholti

um leið og við þökkum kærlega fyrir styrkina viljum við hvetja alla til að eiga sem mest viðskipti við þessi frábæru fyrirtæki og einstaklinga.

*Með von um gott, gleðilegt og slysalaut ár.
Björgunarfélagið Eyvindur og Unglingadeildin Skúli*

Porrablót sem aldrei fyrr!

1. febrúar nk. í Félagsheimili Hrunamanna.

Nokkrar staðreyndir um þorrablótíð:

- Veislustjóri: Katrín Jónsdóttir ættuð frá Högnastöðum.
Minni kvenna: Bjarni Harðarson alþingismaður, Selfossi.
Minni karla: Margrét Guðmundsdóttir ættuð frá Sunnuhlíð.
Fjöldasöngur: Árni Þór Hilmarsson ættaður frá Syðra-Langholti.
Skemmtiatriði: Að hætti Hrunakvenna og gesta blótsins.

- Nýjung: Við tökum með okkur þorrabakkann/
þorratrogið fullt matar. Þetta þrælvirkar í Tung-
unum og víða um land og ekki viljum við láta
fregnast að við séum annarra eftirbátar.
- Fordrykkur: Í boði Flytjanda-Flúdaleið.
- Dansinn dunar: Hljómsveitin *Leynibandið* mun sjá um að d
dansinn duni fram á nótt!
- Verð: Einungis krónur 3000.-.
- Pantanir: Nánar fjallað um það í dreifibréfi í næstu viku.
Þá verður einnig hægt að panta þorratrog til
eignar ef fólk vill (verð kr. 1500.-).
- Aldurstakmark: 18 ár.
- Vínveitingar: Á eigin ábyrgðJ (sem sagt: pokaball!!!)
Húsið lokar eftir að samkoman hefst þ.e. ekki
selt inn eftir lokun.

Þjóðum nú með okkur á þorrablót að hætti Hrunamanna,
burtfluttum, nýfluttum, aldrei hingað fluttum, nærsveitungum, fjar-
sveitungum,

vinum og vandamönnum, nær og fjær!
Fyllum húsið gleði og glensi sem aldrei fyrr!

Nánar í dreifibréfi í næstu viku.
Skemmtifunda- og fjáröflunarnefnd
Kvenfélags Hrunamannahrepps

Þorrablót - informacje dotyczace balu w Félag-
sheimili zostana ogloszone w przyszlym tygodniu
przez poczte.

"Hvaðan eru þessi börn?"

Í desember blaði Pésa er jólakveðja frá þeim heiðurshjónum Kristni og Dagnýju á Grund. Þar segir m.a. orðrétt:

"Við viljum líka lýsa ánægju okkar með allt unga fólkið sem hefur komið til okkar, og sérstaklega efstu bekkni grunnskólans, prúðari og elskulegri unglinga er ekki hægt að hugsa sér."

Það gladdi mitt gamla kennarahjarta að lesa þetta og rifjaði upp atvik úr skólaferðalagi fyrir nokkuð löngu síðan. Ég var með hóp af nemendum úr Flúðaskóla að vori til austur í Rangárvallasýslu. Það var farið í sjoppu á Hvolsvelli á heimleiðinni að fá sér smá hressingu. Þegar börnin höfðu fengið sína afgreiðslu og farin út í bíl leit afgreiðslukonan á mig og sagði: "Hvaðan eru þessi börn eiginlega? Þau stilla sér upp í röð, ryðjast ekki um og eru ekki með hávaða eða læti. Ég svaraði og reyndi ekki að leyndu stoltnu: "Þau koma úr Flúðaskóla." Ég fór í mörg skólaferðalög vor eftir vor með nemendur úr Flúðaskóla og undantekningarlítið fengum við svipaðan vitnisburð. Það er ánægjulegt að fá slíkar umsagnir og ég gleðst yfir því að sjá og heyra að unga fólkið okkar stendur sig vel á hinum ýmsu sviðum, hvort heldur í íþróttum, námsáran-gri

eða framkomu.

Jóhannes Sigmundsson

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Tilkynning til Hreppakappa, velunnara og þeirra forvitnu líka. Hreppakappar eru komnir með nýja og þægilegri slóð á síðuna. <http://www.hreppakappar.tk> Þar er hægt að fylgjast með starfsemi félagsins, skrá sig í félagið, taka þátt í umræðum og koma með athugasemdir. Við í stjórninni hvetjum félagsmenn sérstaklega til þess að kíkja reglulega á síðuna og skrá sig þar á spjallvefinn.

Meðal þess sem er á döfinni hjá félaginu er námskeið fyrir yngri meðlimi félagsins, liðaskipan fyrir Íslandsmótin í motocross og enduro, námskeið fyrir eldri meðlimi félagsins, ferðir, aðalfundur og þing HSK þar sem við fáum formlega aðild.

Stjórnin minnir félagsmenn einnig á félagsgjöldin en nánar má lesa um þau á síðunni.

Stjórn AHK



Gunlaugur Magnússon við mjaltir

Ljós. Sig Sigm



Tómötum pakkað í Áslandi

Ljós. Sig Sigm